

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Hveragerðisbæ.

1. gr.

Þeir sem fá heimild til að halda hund, sbr. 2. gr. samþykktar nr. 555/2007 um hundahald í Hveragerði skulu á árinu 2010 greiða sem hér segir:

Skráningargjald kr. 15.000.

Árgjald fyrir hundaleyfi kr. 14.500.

Árgjaldið greiðist fyrirfram fyrir allt tímabilið með gjalddaga 15. febrúar og eindaga 15. mars. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið eigi greitt í síðasta lagi á eindaga. Veittur er 25% afsláttur ef eigandi hunds hefur farið á námskeið í hundahaldi. Eins er veittur 25% afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega.

2. gr.

Kostnaður vegna handsömunar hunda sem teknir eru lausir skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds sé um leyfislausu hunda að ræða. Sá kostnaður greiðist með handsömunargjaldi sem er eftirfarandi:

Í fyrsta sinn kr. 9.000

Í annað sinn kr. 13.000

Í þriðja sinn kr. 17.000

Auk þess skal leyfishafi/umráðamaður hunds greiða geymslugjald vegna geymslu handsamaðs hunds.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar með tilvísun til heimildar í samþykkt um hundahald í Hveragerði nr. 555/2007 staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og tekur nú þegar gildi.

Hveragerði, 17. desember 2009.

Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri.